

Óbundnar kosningar

Kjörseðill við óbundna kosningu er tvískiptur. Á efri hluta seðilsins eru auðar línur fyrir nöfn og heimilisföng aðalmanna. Á neðri hluta seðilsins eru jafnmargar tölusettar línur fyrir nöfn og heimilisföng varamanna.

Á efri hluta kjörseðilsins skal kjósandi rita með prentstöfum fullt nafn og heimilisfang sjö aðalmanna. Öll atkvæði greidd aðalmönnum hafa jafnt vægi.

Á neðri hluta seðilsins skal kjósandi rita með prentstöfum nafn og heimilisfang sjö varamanna í þeirri röð sem hann kys að þeir taki sæti.

Rétt útfylltur kjörseðill í Dalabyggð innheldur nöfn sjö aðalmanna og sjö varamanna.

Ef kjósandi ritar of mörg nöfn aðalmanna telst atkvæðið ógilt.

Atkvæðið er hins vegar gilt þó ekki sé ritaður fullur fjöldi aðal- eða varamanna. Kjörstjórn ber því almennt að taka atkvæði gilt þó þar séu aðeins tilgreind nöfn **1-6 aðalmanna**, svo fremi að ekki sé um aðrar ástæður að ræða sem leitt geta til ógildingar.

Atkvæði er ekki ógilt þótt vanti fornafn eða eftirnafn ef **enginn vafi** er á við hvern er átt.

Æskilegt er að kjósandi sé búinn að ákveða hvernig hann kys áður en hann mætir á kjörstað til að geta ritað rétt nöfn og heimili þeirra aðal- og varamanna sem hann hyggst greiða atkvæði. Ekkert er því til fyrirstöðu að kjósandi riti slíkar upplýsingar á blað sér til minnis og hafi það sér til stuðnings í kjörklefa á meðan hann greiðir atkvæði.

Öllum þeim sem eru kjörgengir, heilir og hraustir og yngri en 65 ára er skylt að taka kjöri í sveitarstjórn við óbundna kosningu. Þeir sem kosnir eru til sveitarstjórna og eru 65 ára og eldri er heimilt að skorast undan setu í sveitarstjórn eftir kosningar.

Liðveitandi

Félagsþjónustan í Dalabyggð auglýsir eftir einstakling til að starfa sem liðveitandi. Um er að ræða hlutastarf (um 12 tíma á mánuði) og er því tilvalið sem aukastarf með námi eða öðru starfi. Laun eru samkvæmt kjarasamningi.

Það eru til börn og unglingar sem gætu þegið stuðning þinn!

Nánari upplýsingar veita Inga Vildís Bjarnadóttir félagsmálastjóri og Thelma Eyfjörð félagsráðgjafi í síma 433-7100.



DALAPÓSTURINN

8. tölublað, 11. árgangur

23. maí 2018

Sveitarstjórnarkosningar 26. maí 2018

Kjörfundur vegna sveitarstjórnarkosninga í Dalabyggð verður haldinn **laugardaginn 26. maí 2018 kl. 10-22 í félagsheimilinu Dalabúð** í Búðardal. Kjósendum ber að framvísa persónuskilríkum á kjörstað.

Þar sem enginn framboðslisti barst kjörstjórn áður en framboðsfrestur rann út 5. maí verða óbundnar kosningar. Óbundnar kosningar eru persónukosningar þar sem kosning er ekki bundin við framboð.

Allir kjósendur í Dalabyggð eru í kjöri, nema þeir sem löglega eru undanþegnir skyldu til að taka kjöri og hafa fyrir fram skorast undan því. Þeir einir geta skorast undan kjöri sem setið hafa í sveitarstjórn eitt kjörtímabil eða lengur. Samkvæmt þessu hafa Halla Sigríður Steinólfsdóttir Ytri-Fagradal, Ingveldur Guðmundsdóttir Stórholti og Jóhannes Haukur Hauksson Brekkuhvammi 1 skorast undan að taka kjöri.

Kjörskrá liggur frammi á skrifstofu Dalabyggðar.

The Municipal Elections 26.5.2018

The municipality's polling station is at Dalabúð, Miðbraut 8, Búðardalur. Polling stations are open from 10:00 to 22:00.

Lokale wyborcze 26.5.2018

Lokale wyborcze w naszej gminie znajdują się pod następującymi adresami: Dalabúð, Miðbraut 8, Búðardal. Godziny otwarcia lokali wyborczych: 10:00 – 22:00.